




Heiðskírar nætur á risajörð



Það er auðvelt að vera góðu vanur í lífinu... sérstaklega því sem við sjáum ekki. Í dag ætlum við að velta fyrir okkur hversu heppin við erum að reikistjarnan okkar hafi ósýnilegan hjúp: Lofthjúp!

Lofthjúpur Jarðar er úr gasi sem umlykur reikistjörnuna okkar eins og teppi. Lofthjúpurinn heldur hitastiginu á yfirborðinu nokkuð notalegu og kemur í veg fyrir að við frjósum í hel á næturnar og stikum úr hita á daginn. Lofthjúpurinn virkar líka eins og verndarhjúpur sem gleypir hættulega geisla frá sólinni og öðrum fyrirbærum í geimnum áður en þeir ná til okkar! Þökk sé lofthjúpunum er lífvænlegt á Jörðinni.

Reikistjörnur fyrir utan sólkerfið okkar hafa líka lofthjúpa. Stjörnufræðingar í Japan hafa rannsakað lofthjúp reikistjörnu á braut um fjarlæga stjörnu. Reikistjarnan er fjórum sinnum stærri en Jörðin og kallast því risajörð (þarf samt ekkert að líkjast jörðinni neitt). Athuganirnar sýndu að þótt reikistjarna hefði ótrúlega þykkar lofthjúp, 200.000 sinnum þykkari en Jörðin, eru ekki sérlega mikið um ský í honum. Sumir yrðu eflaust mjög ánægðir með það!

COOL FACT

Engin raunveruleg mörk skilja milli lofthjúpsins og himingeimsins. Lofthjúpurinn verður aðeins sífellt þynnri effir því sem ofar dregur. Menn hafa samt ákveðið að draga ímyndaða línu í 100 km hæð og allt sem er fyrir ofan það er í geimnum. Við köllum þessi mörk Kármán línu. Menn geta hins vegar aðeins dregið andann upp í um það bil 9 km hæð.

